

## UMSÓKN UM AÐ HALDA ÖLDUNGAMÓT BLÍ

Til að umsóknin sé gild þarf að fylla **ALLA** reiti út og senda umsóknina til BLÍ og mótshaldara með pósti á [bli@bli.is](mailto:bli@bli.is) og [oldungur@blak.is](mailto:oldungur@blak.is) amk. 21 degi fyrir öldungabæing.

Öldungur; Guðrún K Einarsdóttir1

Blakfélag; Blakdeild Aftureldingar

Mótsgjald; 55.000 með fyrirvara

Mótsdagur; 9-11 maí 2024 og til vara 2, maí -3.maí 2025

Fjöldi blakvalla; 9 að Varmá og 12 ef þarf í Fellinu við hlið íþróttamiðstöðvarinnar.

**Staðsetning valla/íþróttahúsa;** Ef mótshaldið fer fram á feiri en einum þéttbýlisstað þá vinsamlegast tilgreinið akstursvegalengd á milli keppnishúsa í km. **Allt á sama stað :** **íþróttamiðstöðinni að Varmá í Mosfellsbæ**

Hefur umækjandi haldið öldungamót áður?  **JÁ** Síðast árið 2017 \_\_\_\_  **NEI**

Lokahóf fer fram íþróttamiðstöðinni að Varmá og þar rúmast ca. 1000 matargestir.

Er boðið uppá barna –og/eða unglिंगastarf hjá viðkomandi blakfélagi?  **JÁ**  **NEI**

**Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri;**

Blakdeild Aftureldingar hefur yfir að ráða frábærri aðstöðu til að halda stórt blakmót þar sem allir keppendur eru á sama punkti auk þess sem sundlaug er á staðnum og heitir pottar sem standa keppendum til boða.

Áætlað er að viðbygging verði komin við íþróttamiðstöðina að Varmá sem átætlað er að verði tilbúin um áramótin 2023-2024 og mun það fjölga búningsklefum til muna auk þess sem veitingaraðstaða verður komin í stórt rými sem og anddyri hússins.

Íþróttamiðstöðin sjálf er með 9 blakvelli innanhúss auk þess sem Fellið, sem er fótboltaf hús við hlið íþróttamiðstöðvarinnar getur hýst allt að 12 blakvelli og mun verða nýtt eins og þurfa þykir.

Blakdeild Aftureldingar hefur haldið þrjú Öldungamót, 2002, 2010 og 2017 og hefur alltaf verið gerður góður rómur að mótunum í Mosfellsbænum. Veitingasölu á mótunum okkar hefur verið hrósað sérstaklega og leggjum við okkur fram um að hafa aðeins það besta í boði fyrir keppendur. Allir keppendur eru á sama stað allan tímann og því er

félagslegi þátturinn ótrúlega sterkur og geta allir fylgst með öllum, sama í hvaða deild er verið að spila.

Lokhóf mun verða haldið í íþróttamiðstöðinni að Varmá síðasta keppnisdaginn með mat og drykk og lifandi tónlist eins og það gerist best.

Skemmtanagildið í bæjarfélaginu á meðan á móti stendur er til staðar og í göngufæri við íþróttamiðstöðina og verður ekkert til sparað í þeim efnum fyrir blakara og búast má við mikilli skemmtun í bænum mótisdagana.

Íbúar bæjarins verða hvattir til að leigja út íbúðir sínar á sanngjörnu verði til blakara eins og gert hefur verið áður, auk þess eru gistiheimili bæði í bænum og næsta nágrenni.

Blakdeild Aftureldingar er með öflugt barna – og unglिंगastarf auk þess að vera með mjög öfluga meistaraflokka bæði karla og kvennamegin. Og allt byrjaði þetta með fyrsta Öldungamótinu okkar Mosöld 2002 og því stendur Blakdeild Aftureldingar í þakkarskuld við BlakÖldunga landsins. Fyrir utan Barna og afreksstarfið í deildinni þá eru fjölmargir hópar á vegum deildarinnar sem æfa og keppa í blaki.

Á Stuðboltanum eru 9 lið að keppa undir merkjum félagsins og hafa aldrei verið fleiri.

Á Íslandsmóti Blaksambands Íslands leikárið 2021-2022 var Blakdeild Aftureldingar með samtals 7 lið sem spiluðu í: 1 deild kvk, 3.deild kvk, tvö lið í 4.deild kvk, í 5.deild kvk og í 6.deild kvk og eitt lið í 3.d kk og verða þau væntanlega 2 þar á næsta leikári.

Blakdeild Aftureldingar vonast til að geta boðið Blaköldunga velkomna í Mosfellbæinn og í nýtt húsnæði, á uppstigningardag 9.maí 2024 og til vara 1.maí helgina 2025 og er sá fyrirvari háður því að allt standist hvað varðar nýbygginginguna sem byrjað verður á í sumar og Mosfellsbær segir að taki 18 mánuði.

Með Blakkveðjum

**Staður / Dagsetning; Mosfellsbær, 4.apríl 2022**

**Staðfesting formanns blakfélags; Guðrún K Einarsdóttir**